

## Stjórnarfundur nr. 13

30. apríl 2014 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Jóna Th Viðarsdóttir, Herdís Hallmarsdóttir og Guðmundur A Guðmundsson. Brynja Tomer mætti kl.18.00 Fríður Esther Pétursdóttir framkvæmdastjóri ritar.

### Skýrsla framkvæmdastjóra HRFÍ

Kostnaðaráætlun vegna viðgerða á leka í Síðumúla 15 er komin. Tilboðið hljóðar uppá 159.000.- sem við greiðum aðeins 1/8 hluta af eða um 20.000.-. Ég hef samþykkt að farið verði í þessar viðgerðir.

Ég hef gert samning við Breska kennelklubbinn og núna er ein sýning á ári Crufts qualification sýning, sem þýðir að bestu ungliðar og bestu hundar tegundar (BOB og BOS) í hverri tegund megi keppa á Crufts. Sýningastjórn ákvað í framhaldinu að það muni verða ágúst/september sýning félagsins.

Eftirfarandi deildir hafa mér vitandi ekki haldið aðalfund: Boxerdeild, Ensk cocker spanieldeild, PMF deild, Spanieldeild og Terrierdeild. Og ég tel að þessar deildir séu allar að mestu óvirkar. Ræktunar og staðlanefnd hefur skilað inn skýrslu, aðrar nefndir ekki.

Ennþá hafa enginn viðbrögð borist við bréfi frá 18. des. 2013 til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis, ég sendi fyrirspurn inná vefgátt hjá þeim fyrir síðasta stjórnafund og sendi svo bréfið aftur í tölvupósti 16.apríl sl. Þar sem ég óskaði eftir viðbrögðum, sem eins og áður sagði eru enginn.

Við höfum verið að vinna að nýrri heimasíðu, í líkingu við köpahund.se síðu sænska klúbbsins. Þar er hugmyndin að vera með upplýsingar fyrir nýja hvorpakaupendur, kynningu á félaginu og bjóða félagsmönnum að auglýsa hvölpur til sölu. Við höfum unnið þetta allt á vinnutíma og ennþá hefur enginn kostnaður hlotist af verkefninu. Hugmyndin er svo í framhaldinu að selja td VÍS og SS auglýsingar þarna sem munu þá standa vonandi undir að auglýsa síðuna í sem dæmi smáauglýsingum fréttablaðsins og á fleiri stöðum. Verkefnið er langt komið og vonumst við til að getað farið í fullt að klára það eftir aðalfund.

### Ársfundir – ársskýrslur ræktunardeilda

Í starfsreglum ræktunardeilda HRFÍ III. kafla um stjórn ræktunardeildar 6.gr. stendur að eftir árfund deildar skuli skila samhljóða skýrslum til stjórnar HRFÍ; þ.e. ársskýrslu og rekstrar- og efnahagsyfirliti.

Ársskýrsla Vorstehdeildar – tölvupóstur 31. mars – vantar rekstrarreikning

Ársskýrsla Tibetan spanieldeildar – rekstrarreikningur, sem vantaði með áreikn.

Ársskýrsla Írsk setterdeildar – vantar rekstrarreikning

Ársskýrsla Papillon- og phalénedeildar

Ársskýrsla Smáhundadeildar

Ársskýrsla Fjár- og hjarðdeildar – vantar ársreikning

Ársskýrsla Santi Bernharðsdeildar

Ársskýrsla Grefil- og sporhundadeildar

### Erindi frá Siberian Huskydeild – umsókn um sérsýningu – tölvupóstur 2. Apríl

Að fengnu álitu sýningastjórnar, er umsókninni í þessari mynd hafnað. Til að koma á móts við Siberian Huskydeild er sýningastjórn tilbúin að setja Sóley Höllu Möller á tegundina á Reykjavík Winner sýningu félagsins og gefa deildinni leyfi líkt og DIF að vera með sýningu innan sýningar. Ef deildin samþykkir það, munu þeir hundar sem verða BOB og BOS jafnframt verða BIS, eins getur deildin verið með junior keppni og parakeppni ef þess er óskað innan hringingsins. BOB mun svo eins og venjulega keppa í grúbba úrslitum.

## NKU BSI-group

Komið er endanleg útgáfa á Breed Specific Instructions (BSI)

Fríður er búin að prenta út til afhendingar á stjórnarfundinum.

Lagt er til að bæklingur sé sendur dómurum sem dæma á sýningum okkar. Mikilvægt að setja á vefsíðu HRFÍ fyrir aðra til útprentunar og upplýsinga.

## Erindi frá Fuglahundadeild HRFÍ – tölvupóstur 21. mars

Erindi hafnað miðað við þær forsendur sem Advania gaf okkur um kostnað.

## Erindi frá skrifstofu HRFÍ – tölvupóstur 14. Apríl

Er hægt að fá starfsreglum ræktunardeilda breytt þannig að það sé ekki krafa að vera sérstaklega skráður í deildina heldur bara skráður eigandi hunds í deildinni eins og er í lögum félagsins. Það sparar vinnu hér við að skrá fólk sérstaklega í deildir og að eiga við deildir sem vilja skrá meðlimi úr viðkomandi deild.

Breyting í reglugerð:

*2. Kosning í stjórn ræktunardeildar fer fram á ársfundi deildarinnar ár hvert. Hver stjórnarmaður er kosinn til tveggja ára í senn. Endurkjör er leyfilegt. Kosningarrétt og kjörgengi á ársfundum deilda hafa þeir, sem eru skráðir eigendur hunda eða hafa verið skráðir eigendur hunda í viðkomandi deild í tvö ár og skuldlausir við félagið það ár sem ársfundur er haldinn. Hjón hafa kosningarétt og kjörgengi hvort heldur þau greiða félagsgjald sem hjón eða í sitthvoru lagi sé annað þeirra skráð fyrir hundi í deildinni. Á fyrsta fundi eftir ársfund skal stjórn velja sér formann.*

Samþykkt.

## Erindi frá stjórn Grefil- og sporhundadeildar

Stjórn grefil- og sporhundadeildar óskar eftir að lágmarksaldur tíka við fyrstu pörun af langhundakyni í stæðarflokkum miniatüre og rabbit miðist við 18 mánuði.

Samþykkt

## Erindi frá Spítshundadeild

Stjórn Spítshundadeildar óskar eftir breytingu á augnskoðunarreglum fyrir Pomeranian. Ósk okkar er sú að augnskoðunarskilda verði felld niður til að samræma reglur við aðra klúbba erlendis þar sem ekki er krafist augnskoðunar. Löndin í kringum okkur, m.a. Danmörk, Svíþjóð, Noregur, Bretland, Írland, Rússland, Bandaríkin og Kanada, sem við höfum flutt inn hunda frá, eru ekki með reglur um að augnskoða Pomeranian þar sem augnvandamál eru ekki algeng í tegundinni. Það þjónar því litlum tilgangi fyrir tegundina í heild að við séum eina landið sem augnskoðar á ársgrundvelli, þar sem stofninn okkar er mjög lítill og næstum ómögulegt er fyrir okkur að flytja inn augnskoðaða hunda með augnskoðaða forfeður. Óskað er eftir því að breytingin taki gildi strax.

Áður en hægt er að taka málið fyrir óskar stjórn eftir fylgiskjöllum sem staðfestir þessar fullyrðingar.

## **Stefnumörkun HRFÍ – drög frá úrvinnsluhópi - Fylgiskjal A-2651**

Stjórn fagnar árangri þessa starfs sem hlotist hefur af stefnumótun og mun starfa á grundvelli niðurstöðu stefnumótunarteymis og þakkar öllum þeim félagsmönnum sem hafa komið að þessu ötula starfi.

### **Aðalfundur HRFÍ**

Undirbúningur aðalfundar.

### **Fulltrúaráðsfundur**

Neðangreind dagskrá var send á formenn ræktunardeilda 16. apríl:

Fréttir/tilkynningar frá skrifstofu HRFÍ

Kynning á nýjum grundvallarreglum HRFÍ

Kynning á vinnu stefnumótunarteymis

Ný dýraverndarlög og reglugerð.

Kynningarfundir fyrir nýjar stjórnir ræktunardeilda

### **Önnur mál**

Fundi slitið kl.19.00